

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 8. tbl. 9. árg. 30. apríl 2015

Myndir augnabliksins eru frá Tröllaborgum og sýna furðuhár-greiðsludag.



## Fjórir skólar á Akureyri fengu úthlutað úr Sprotasjóði.

Úthlutað hefur verið úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir skólaárið 2015-2016. Alls bárust 172 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna rúmar 360 millj. kr. Veittir voru styrkir til 45 verkefna að upphæð rúmlega 49 millj. kr. Fjórir skólar á Akureyri fengu að þessu sinni styrk úr sprotasjóði. Giljaskóli fékk styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið "Giljaskólaleiðin", leikskólinn Kiðagil fékk styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið "Leikskólalæsi", leikskólinn Krógaból fékk styrk til áframhaldandi vinnu við "Læsi og námsumhverfið í leikskólanum - að koma til móts við nýja kynslóð. Oddeyrarskóli fékk styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið "Tölum saman, lærum saman". Sprotasjóður er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og er hlutverk sjóðsins að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Aherslusvið sjóðsins voru að þessu sinni:

- Ábyrgð á eigin námi: Styrkleikar nemenda og áhugasvið
- Hagnýtt læsi á öllum námssviðum
- Fjölmenningsleg skólastarf

Stjórn sjóðsins sem skipuð er fulltrúum frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samstarfsnefnd háskólastigsins og mennta- og menningarmálaráðuneyti, mat umsóknir og gerði tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um styrkveitingar.

## Samsýning skólabarna og starfandi listamanna.

*Sköpun bernskunnar* er sjálfstætt framhald sýningar sem sett var upp fyrir þremur árum í sal Myndlistarfélagssins. Þátttakendur eru nemendur leik- og grunnskóla Akureyrar, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi og tíu starfandi myndlistarmenn. Þemað er börn og sköpun barna en auk þess er hverjum skóla frjálst að velja sitt eigið tengda þema, t.d. leiki og leikföng. Hugmyndin er að blanda saman list starfandi myndlistarmanna sem fást við bernskuna í viðum skilningi, verkum eftir börn og leikföngum barna. Stefnit er að því að sýningin verði árviss viðburður með nýjum þátttakendum ár hvert.

Listamenn: Ólafur Sveinsson, Rósa Júlíusdóttir og Karl Guðmundsson, Bergþór Morthens, Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir og Erwin van der Werve, Samúel Jóhannsson, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hjördís Frímánn, Hrönn Einarsdóttir.

Sýningin verður í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi, 9. maí - 14. júní 2015.

Sjá á heimasíðu Listasafns Akureyrar: <http://www.listak.is/is>

## Íþróttálfurinn á Hlíðabóli.

Miðvikudaginn 29. apríl fengum við á Hlíðabóli einstaklega heilsuþætandi og skemmtilega heimsókn þegar íþróttálfurinn mætti á svæðið og dró alla með sér í hreyfileiki og dans. Við gengum eins og kóngulær, dönsuðum ballett, fórum í sjóræningjaleik og margt fleira. Mörg börnin voru klædd eins og íþróttálfurinn sjálfur eða Solla stírða. Þetta var sérstaklega skemmtileg heimsókn sem bæði börn og fullorðnir nutu í botn. Brosið verður lengi á andlitum okkar og þessu gleymum við seint.

Nemendur á Hlíðabóli.



## Tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimila og skóla.

Enn er hægt koma með tilnefningar til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla fyrir árið 2015. Skólafólk og foreldrar sem vita um metnaðarfullt foreldrastarf sem eflt hefur samstarf foreldra, nemenda og skólafólks og stuðlað að jákvæðum samskiptum heimilis og skóla eru hvött til að láta vita af því. Tilnefningar óskast fyrir 6. maí 2015. Hægt er að tilnefna verkefni hér: <http://www.heimiliogskoli.is/2015/03/foreldraverdlaun->

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.